



DJÚPAVOGSHREPPUR

SKÓLASTEFNA

Skólastefna Djúpavogshrepps nær til leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla sveitarfélagsins. Lög, reglugerðir og aðalnámskrár eru grundvöllur stefnu um skólastarf ásamt ákvörðunum sveitarstjórnar. Hver skólastofnun getur markað eigin skólastefnu í samræmi við stefnu sveitarfélagsins en hefur að öðru leyti frjálsar hendur um skipulag og framkvæmd skólastarfs.

Inngangur

Djúpavogshreppur varð til árið 1992 við sameiningu Búlandshrepps, Geithellnahrepps og Beruneshrepps. Djúpavogshreppur er lítill hreppur með innan við 500 íbúa og rekur Djúpavogsskóla sem varð til við sameiningu leik-, grunn- og tónlistarskóla sveitarfélagsins árið 2011. Skólinn er einsetinn með nemendum úr dreif- og þéttbýli Djúpavogshrepps á aldrinum eins til sextán ára. Mikið er lagt upp úr samvinnu skólastiga og skólagerða og er stundaskráin samþætt.

Framtíðarsýn

Skóli sveitarfélagsins skal vera í fremstu röð hvað varðar menntun starfsmanna, gæði náms og aðstöðu nemenda og starfsmanna. Menntun í sveitarfélaginu skal bera vott um metnað, vinnusemi og vellíðan í öruggu og heilbrigðu umhverfi. Skóli sveitarfélagsins skal vera í fararbroddi á landsvísu varðandi tengsl skólastiga innan sveitarfélagsins. Skólinn skal vera í virkum tengslum við umhverfi sitt, náttúru, atvinnulíf og menningu og þannig skapa sér sína eigin sérstöðu.

Öll börn í sveitarfélaginu eiga að upplifa gagnkvæma virðingu og traust milli allra þeirra aðila sem að skólastarfinu koma. Foreldrar sem og aðrir forráðamenn skulu vera virkir þátttakendur í mótun alls þess starfs sem fram fer á vegum skólanna, því eins og segir í lögum um grunnskóla; *“Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna og ber þeim að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennara þeirra.”*

Skólasamfélag Djúpavogshrepps er fjölmenningarlegt og virðing borin fyrir mismunandi menningu.

Skólasamfélag Djúpavogshrepps skal hvetja og styrkja nemendur sína til góðra verka og efla hug þeirra, þrek og færni. Nemendur skulu vel undirbúnir til að takast á við þau verkefni sem bíða þeirra þegar grunnskóla lýkur, bæði félagslega og faglega.

Með stefnumörkun sinni leggur Djúpavogshreppur áherslu á eftirfarandi:

Nemendur

Í skóla sveitarfélagsins skal barnið ávallt vera í fyrirrúmi. Nemendur skuli njóti þess besta sem bernskan hefur upp á að bjóða, verða öruggir, sjálfstæðir og hamingjusamir. Taka þarf mið af þörfum hvers barns og aðstoða það til aukins þroska á þess eigin forsendum.

Það skal gert með því að:

- Leggja áherslu á snemmtæka íhlutun, með áherslu á skimun í leikskólunum og á yngsta stigi grunnskóla.
- Bjóða upp á einstaklingsmiðaða kennslu.
- Skóladagur nemenda sé samfelldur.
- Öll börn hafi góðan aðgang að námi við hæfi og úrræðum sem á þarf að halda.
- Bjóða öllum börnum í leik- og grunnskólum hollan hádegisverð og fara þar eftir markmiðum Lýðheilsustöðvar.
- Starfrækja nemendaverndarráð.

- Áætlun gegn einelti og áhættuhegðun sé til staðar í skólum.
- Þjóða upp á námsráðgjöf.
- Nýta ólíkar leiðir til þekkingaröflunar svo sem: útikennslu, umhverfisfræðslu, tengingu við atvinnulíf staðarins og upplýsingatækni.
- Þjóða upp á fjarnám á framhaldsskólastigi í elstu bekkjum grunnskólans.
- Hafa tiltæka áætlun um móttöku allra nýrra nemenda, meðal annars þeirra sem hafa takmarkað vald á íslensku. Einnig að fylgja vel eftir að börnin aðlagist skólaumhverfinu.
- Nemendur hafi lært að tileinka sér skapandi og frjóa hugsun þannig að þau séu vel undirbúin til að takast á við og sjá þau tækifæri sem framtíðin ber í skauti sér .

Starfsfólk

Skóli sveitarfélagsins skal leitast við að skapa starfsmönnum eins gott starfsumhverfi og völ er á. Skólastjórnandi á að hvetja starfsfólk til þróunarstarfa, efla frumkvæði og stuðla að skólamenningu sem einkennist af samábyrgð og samvinnu. Starfsfólk á að hafa starfsskilyrði og menntun til þess að axla þá ábyrgð.

Það skal gert með því að:

- Laða að og halda í fagmenntað, metnaðarfullt og hæft starfsfólk og leggja áherslu á starfsþróun hvers og eins.
- Vinna símenntunaráætlanir (t.d. skyndihjálpi) fyrir hverja stofnun árlega sem lagðar verða fyrir fræðslu- og tólmstundanefnd.
- Þjóða upp á kennslu- og sérkennsluráðgjöf.
- Þjóða skólastjórnendum fræðslu og ráðgjöf varðandi stjórnun, rekstur og starfsmannahald.

Aðbúnaður og umhverfi

Öllum börnum í sveitarfélaginu skal tryggður jafn aðgangur að góðri og fjölbreyttri aðstöðu í öruggu starfsumhverfi. Skólinn og umhverfi hans skal vera öruggur vettvangur nemenda við leik og nám. Skólalóðir skulu vera skjólgóðar, vistvænar og snyrtilegar. Öryggi barna á leið í og úr skóla skal tryggt eins og kostur er, hvort heldur sem börn ferðast með skólabíl eða gangandi, með eða án fylgdar foreldra.

Það skal gert með því að:

- Leitast við að halda húsnæði og búnaði í góðu lagi.
- Hafa tiltæka áætlun um endurnýjun tækjabúnaðar.

- Reka skólaset eða lengda viðveru fyrir 1. - 4. bekk og dreifbýlisbörn.
- Skólabílar séu öruggir og uppfylli allar þær kröfur sem til þeirra eru gerðar af yfirvöldum.
- Mæta hreyfipörf barna á ólíkum aldurstigum með nægu athafnasvæði og leiktækjum.
- Huga sérstaklega að öryggi barna á leið í skóla við fjölfarnar umferðagötur.

Samfélagið og skólinn

Hlutverk sveitarfélagsins er að veita skólum þjónustu á ýmsum sviðum auk þess að tryggja þeim nægilegt fjármagn til rekstrar og þróunar. Þjónusta sveitarfélagsins skal vera metnaðarfull en umfram allt fagleg og miða að því meðal annars að efla samvinnu skólastiganna, viðhalda sérkennum þeirra og tryggja nemendum stuðning við hæfi hvers og eins. Sveitarfélagið skal einnig leitast við að styðja við hverskonar umbóta- og þróunarstarf í skólunum.

Einnig skal heimilum gefinn kostur á, og þau hvött til, að taka sem virkastan þátt í öllu mótunarstarfi skólanna og stuðla þannig að sem bestri framþróun þeirra. Þannig fá starfsmenn skólans sem besta yfirsýn yfir þarfir heimilanna í heild sem og hvers fyrir sig og geta því betur komið til móts við þau.

Það skal gert með því að:

- Skóli sveitarfélagsins sé fyrir öll börn, óháð andlegu og líkamlegu atgervi, menningu eða trú.
- Forvarnir séu markvissar.
- Skólastjóri hvetji og aðstoði foreldra og forráðamenn til að stofna og reka foreldrafélög og treysta þannig tengsl heimilis og skóla.
- Hvetja til samvinnu leik-, grunn- og tónlistarskóla með það að markmiði að auka þátt tónlistar í starfi skólanna.
- Skólinn framkvæmi sjálfsmat eigi sjaldnar en annað hvert ár og leggi niðurstöður fyrir skólanefnd.
- Þátttaka í æskulýðsstarfi sveitarfélagsins standi öllum börnum til boða.
- Sveitarfélagið tryggi skólunum aðgengi að háhraða netsambandi.

Skólastefna þessi skal endurskoðuð á fjögurra ára fresti.

Skólastefna þessi var samþykkt í fræðslu- og tómstundanefnd 22.maí. 2015.